

GREINARGERÐ
2017-2019
vegna grænfána.

Leikskólinn Andabær
andabaer@borgarbyggd.is

Umhverfisnefnd

Andabær hefur verið með grænfánann síðan 2005 og hefur sú hefð skapast að starfsmenn deilda velja einn fulltrúa frá sér til að sitja í nefndinni. Að þessu sinni eru í grænfánanefnd; Valdís verkefnisstjóri fyrir Álfheima, Áslaug fyrir hönd Goðheima og Aðalheiður fyrir hönd Hulduheima, einnig er Ásta leikskólastjóri í nefndinni ásamt Halldóru matráði. Fulltrúi foreldra er Jóhannes Kristjánsson. Tveir ræstitæknar eru við vinnu í skólanum og eru meðvitaðir um áherslur okkar í umhverfismálum. Erum við svo heppin að önnur þeirra hefur verið grænfánastjóri hjá okkur. Mikið er hugsað um að nota ekki of mikla sápu og einnig að flokka ruslið í tunnur.

Við notuðum deildarstjórafundum til að ræða málin því fulltrúar deildanna voru allir deildarstjórar. Einnig hittist umhverfisnefndin einu sinni á önn og ræddi málin og næstu skref. Helstu ákvarðanir sem nefndin tók voru hvernig gengi að fylgja markmiðunum og hvar við þyrftum að bæta okkur, einnig hvað við værum að gera gott og standa okkur vel. Ný markmið næsta tímabils voru rædd.

Mat á stöðu umhverfismála

Til að meta stöðu skólans í umhverfismálum er stuðst við innramat skólans Barnið í brennidepli, skólapúls foreldra og umhverfisgátlista frá Landvernd þar sem umhverfisnefnd fyllir út með aðstoð skólahóps. Skólahópur hefur nýverið tekið matslistann um lýðheilsu og umhverfismat. Miklar og fjörugar umræður skapast á meðal barnanna við vinnu á matslistunum.

Á starfsmannafundum og stafsögum tókum við umræðu um umhverfismál sem er hluti af okkar mati, þar er rætt hvað við erum að gera vel og hvað við getum gert betur. Nauðsynlegt er að minna á markmið okkar reglulega til að viðhalda þeim. Töluvert hefur verið um starfsmannaveltu og er það sífelld áskorun að fræða nýtt starfsfólk. Mikil og góð samvinna er á milli starfsmanna og er iðulega vel tekið í fræðslu og endurbætur. Deildastjórafundir eru mjög oft nýttir í umhverfismál og eru notaðir sem matstæki til að hvetja okkur til að halda áfram því góða starfi sem hér er unnið.

Á síðastliðnum tveim árum höfum við verið að einbeita okkur að þemunum orka, úrgangur, áttthagar og lýðheilsa. Við höfum verið að gera ýmis verkefni með börnunum og verið með fræðslu tengd þessum þemum.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Vel hefur gengið að vinna að markmiðum okkar, ekki bara nýjum heldur einnig að viðhalda eldri markmiðum.

Markmiðin sem við settum okkur 2017-2019 voru:

Tengja verkefnið enn betur við leiðtogaverkefnið, þróa grænfánaleiðtoga.

Grænfánaleiðtogi er orðinn hluti af skipulagi elstu deildarinnar og skiptast börnin á að fara í eldhúsið og taka fötu með sér úti og losa í moltu tunnuna okkar. Núna í haust 2019 urðum við

að losa eina moltu tunnuna og hjálpuðust börnin að við að moka úr henni og bera í hjólbörum moltuna í trjábeðin. Þetta var mikil samvinna og er eitt af venjum leiðtoga *verkefnisins Saman getum við meira*. Gaman var að fylgjast með börnunum gramsa í moltunni og finna það sem ekki brotnaði niður og eitt af því voru maíspokarnir sem notaður var undir kaffikorg á kaffistofu starfsmanna og var því þeim skipt út og tekin í notkun fata í staðinn með engum poka.



Einnig höfum við fléttað leiðtogaverkefnið við grænfánavinnuna í verkefni sem við unnum í tengslum við Skóladaginn sem var haldinn í mars 2019. Framlag okkar í Andabæ var kynning á skúlptúrum, úr endurunnu efni, sem urðu til vegna áhuga nemenda á laginu „Hættu að eyðileggja Ísland“ eftir Gunna og Felix. Börnin höfðu mikinn áhuga á þessu lagi og voru fljót að læra það og vildu búa til stóra skúlptúra úr endurnýtanlegum efnivið. Textinn fjallar um landvætti sem eru að eyðileggja Ísland og eru börnin fengin í

textanum til að hjálpa til við að stoppa landvættina. Þetta var kjörið tækifæri til að kenna þeim hvernig umgangast skuli landið og hvað við getum gert til að hlúa að jörðinni. Þetta var mikil og skemmtileg vinna að búa þessa landvætti til þau; Mengunarstybbu, Rusl og drasla og Landeyði. Starfsfólk útbjó myndbrot af vinnu nemenda sem var sýnt á deginum en



þar sungu börn leikskólans undir lag Gunna og Felix. Í ferlinu fengum við nemanda frá Landbúnaðarháskóla Íslands til að fræða börnin um landeyðingu og náttúruvernd. Til sýnis voru einnig þau verkefni sem við erum að vinna með allt skólaárið s.s. grænfánann,

vináttuverkefnið, leiðtogann og heilsustefnuna. Dagurinn heppnaðist mjög vel og voru þeir starfsmenn sem stóðu vaktina, einnig kom einn nemendaleiðtogi og aðstoðaði við að taka á móti gestum og útdeila kveðjugjöfum.

Setja upp gróðurkassa, auðvelda matjurtaræktun.

Við gróðursettum í vor stjúpur sem börnin fóru svo með heim og héldu áframhaldandi ræktun heima, einnig voru settar niður radísur sem voru hafðar í litlum tré kössum á lóð leikskólans, upp kom fullt af sprotum með laufum en eitthvað minna af radísum, við verðum að reyna aftur. Fjárfest var í ræktunarkassa og verður gaman að fylgjast með hvernig okkur gengur að rækta í honum, stefnan er að setja moltubland í kassana til frekari næringar fyrir plönturnar. Það ætti að koma betur út fyrir okkar ræktun að nota kassa því jarðvegurinn á skólalóðinni er blautur og því gott að lyfta ræktuninni aðeins upp af jörðinni. Við höfum hætt að nota kartöflugarðinn okkar og einnig matjurtargarðinn okkar þar sem sýking kom upp í jarðvegi. Stefnt er að því næsta sumar að vera með litla hópa í einu sem sinna ræktuninni og munum við reyna að gera verkefnið eins spennandi og kostur er. Nýju moltutunnurnar okkar nýttast vel



og eru farnar að gefa okkur moltu í beðin. Að molta er góð og sýnileg leið fyrir börnin að fylgjast með ferli náttúrunnar.

Útbúa með börnunum okkar eigið fuglafóður.


Við náðum ekki að búa til fuglafóður með öllum börnum á tímabilinu en gáfum þeim fræ yfir vetrartímenn. Fyrirhugað er að ná þessu markmiði. Stefnan er að búa til fuglafóður úr tólg og fræjum á hverju hausti.

Festa í sessi ruslahreinsunargöngutúra, bjóða samfélaginu að vera með.

Fastir ruslahreinsunardagar hjá okkur eru í kringum Dag íslenskrar náttúru 16. september og einnig Dag umhverfis þann 25. apríl. Farið er í hópum með Grunnskóla Borgarfjarðar Hvanneyrardeild og hreinsað í kringum okkar nánasta umhverfi. Farið hefur verið einnig í gönguferðum barnanna og athugað hvernig okkar nærumhverfi er. Þessar ferðir smita vel heim og eru börnin oft með fræðslu fyrir foreldra sína hvaðan ruslið kemur og hvert það á að fara.



Hvetja allt samfélagið á Hvanneyri til aukinnar lýðheilsu.



Við í Andabæ höfum tekið þátt í verkefninu kvartlaus (geðheilsan) sem hvetur til heilsteyptra samfélags með því að einbeita sér að því jákvæða og koma athugasemdum á rétta staði og vanda samskipti okkar. Við höfum hvatt foreldra til þátttöku í þessu verkefni með okkur og hefur verkefnið vakið verðskulda athygli við höfum útvegað starfsfólki og foreldrum armbönd með jákvæðum skilaboðum sem minna okkur á verkefnið og eiga að halda okkur vakandi í að gera samfélagið jákvæðara og heilsteyptra. Þetta

verkefni passar flott inn í grænfánastefnuna því við viljum jú öll lifa í jákvæðum heilsteypum heimi sem hugsar um andlega sem líkamlega heilsu. Jákvæðari starfsmannahópur, bætt umhverfi á allan hátt. Við höfum haldið kvartlausan október og mars ár hvert síðan 2017.

Eftirlit og endurmat

Eftirlit og endurmat hjá okkur í Andabæ er í höndum grænfánanefndar ásamt skólahópnum með aðstoð matslista frá landvernd og öðrum listum. Einnig eru starfsmenn reglulega hvattir til að vera gagnrýnir og hjálpast að við að uppfylla þau markmið sem við setjum okkur, markmið okkar eru rædd á deildarstjórafundum, starfsmannafundum, starfsdögum og deildarfundum. Við reynum að halda umhverfismenningunni vakandi og að allir séu að reyna að gera sitt besta. Við leiðbeinum hvert öðru á góðan máta og nýir starfsmenn fá fræðslu eins og kostur er einnig er í starfsmannahandbók líka upplýsingar um grænfánastarfsemi okkar.



Það sem tókst vel með síðustu markmið var að grænfánaleiðtogi var fljótur að festast í sessi og sú vinna gekk og gengur vel. Gaman væri að þróa það enn frekar og koma öðru leiðtogahlutverki í gang í tengslum við grænfánann og fá börnin til að vera með í þeirri vinnu.



Eins og t.d. umhverfisleiðtoga og flokkunarleiðtoga. Mikil og góð fræðsla var í tengslum við skóladaginn þar sem börnin fræddust um landeyðingu, mengun og rusl í umhverfinu. Þetta var skemmtileg tengin við samstarfssamning sem er á milli okkar og Landbúnaðaháskóla Íslands þar sem nemandi frá háskólanum kom með fræðslu til okkar. Kvartlausu verkefnið okkar gekk mjög vel og náðum við að dreifa út boðskapnum meðal foreldra og annarra skóla í nærsamfélaginu. Nú á haustdögum tóku svo starfsmenn ráðhús Borgarbyggðar það upp að auglýsa kvartlausan október í allri Borgarbyggð að okkar fyrirmynd. Ruslahreinsunargöngutúrar hafa gengið mjög vel og er reglulega verið að tína upp rusl hér á Hvanneyri.

Það sem hefði mátt ganga betur í ræktunninni, en lítil sem engin uppskera hefur verið hjá okkur og erfiðlega hefur gengið að fá gróðurkassa og við höfum notast við litla kassa sem hafa ekki verið hentugir. Gróðurkassar eru komnir í hús og tilbúnir fyrir næsta vor. Spennandi verður að skoða hvernig það mun ganga. Ákveðið hefur verið að hafa þá ekki inn á lóðinni sjálfri heldur fyrir utan eldhúsgluggann. Einnig hefur gengið illa að búa til okkar eigið fuglafóður og höfum við þá gefið fuglunum fræ.

Það sem okkur finnst að við megum gera enn betur er að festa ákveðin tíma fyrir skólahóp til að fara yfir matslista, umræður og fræðslu til þess að skoða stöðu okkar. Slíkir fundir eru afskaplega upplýsandi og mjög nauðsynlegir til þess að viðhalda góðu umhverfisstarfi.

Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Nemendur í Andabæ eru á aldrinum 9 mánaða til 6 ára og hefur umhverfismenntin verið aðlöguð að aldri þeirra og þroska. Leikskólabörnin taka þátt í þeim verkum sem þarf að vinna að hverju sinni og læra þannig að tileinka sér tillitssemi og skilning á því hversu mikilvæg náttúran er okkur öllum, bæði í nútíð og framtíð. Börnin eru frædd um umhverfismál í samverustundum, hópastarfi og útiveru. Þar hvetjum við börnin til þess að taka eftir umhverfi sínu og hugsa vel um það. Skipulagðir eru göngutúrar fyrst á haustin og reynt eftir fremsta megni að fara einu sinni í viku í gönguferð til að njóta náttúru, tína rusl skoða hvernig umhverfi okkar breytist og þar fram eftir götunum. Einnig er farið í skipulagða ruslatínslu göngutúra með grunnskólanum á staðnum.



Á Hvanneyri erum við í nánnum tengslum við náttúruna, það er stutt út í móa og í fjós. Hvanneyri er líka staður þar sem mikil uppbygging hefur verið á síðustu árum og fróðlegt er að fylgjast með húsbyggingum og öðrum framkvæmdum með tilheyrandi vinnuvélum. Hér eru drullupollar, hrossa- og gæsaskítur í grasinu, hættulegir skurðir, malarvegir og annað í umhverfinu sem merkilegt er að skoða og uppgötva, enda er útivera stór hluti af starfinu okkar í Andabæ og gönguferðir skipa þar stóran sess. Eins og segir í Aðalnámskrá leikskóla (bls 43) að börn eigi að fá tækifæri á að hreyfa sig frjálst og þess vegna erum við dugleg að fara í gönguferðir til að upplifa og njóta.

Hvanneyri er þannig staðsett að í svartasta skammdeginu sést ekki til sólar í u.þ.b. einn mánuð og því getur veturinn verið dimmur ef lítið er um snjó. Það er okkur því alltaf kærkomið þegar sólin brýst á ný upp fyrir Skarðsheiðina og daginn fer aftur að lengja. Við höfum gert dálítið meira úr þessu með myrkrið með því að hafa reglulega rafmagnslausan dag í leikskólanum. Þá mega börnin koma með vasaljós í leikskólann og við notum ekki nein rafmagnstæki þann daginn – lýsum upp með kertaljósum og borðum skyr í hádeginu.



Í skólanámskrá skólans er kafli um grænánann og þar eru markmið Andabæja með umhverfismennt sýnileg og þau eru: Aða njóta náttúrunnar í leik og kennslu. Að ganga um náttúru okkar af virðingu. Að flokka úrgang og pappír (endurnýta). Að endurnýta ýmsan efnivið í leik og skapandi starf. Þessi markmið ganga eins og rauður þráður í stefnum og straumum skólans. Gerð eru ýmis verkefni úr endurnýtanlegum efnivið eins og t.d. fyrir skóladaginn. Það að fá opinn efnivið sem sá endurnýtanlegi er oft á tíðum fá börn tækifæri á að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum (aðalnámskrá bls. 45) Könnunarleikur er á morgnanna með yngstu börnunum þar sem notaður er endurvinnanlegur efniviður til uppgötvunarnáms þ.e. hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksporsta

barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því sem þau er að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina (aðalnámskrá bls. 44)

Ekki höfum við útbúið ákveðið kennsluefni um umhverfismál en höfum gert okkur far um að flétta fræðsluna inn í námsþætti leikskólastarfsins eftir bestu getu.

Að upplýsa og fá aðra með

Endurnýting fatnaðar eitt af eldri markmiðum okkar 2018 settum við upp allsherjar markað í sal leikskólans og þar var hægt að gefa föt og fá önnur í staðinn. Markaðurinn gekk mjög vel og fengum við mjög mikið af fötum á markaðinn og gat fólk komið í nokkra daga og tekið sér föt. Það skapaðist mikil og góð stemming og er ætlunin að hafa slíkan markað einu sinni á ári. Það sem varð eftir fór í Rauðakrossinn og nýtist vonandi vel á öðrum vígstöðum. Við ákváðum að halda litlum hluta eftir og láta hanga í miðrymi skólans á slá og getur fólk komið með og einnig tekið föt. Það birtist frétt frá okkur í Skessuhorni og einnig á síðu Borgarbyggðar eftir fatamarkaðinn. Á Skóladeginum (sem minnst er á hér áður) hvöttum við foreldra til að taka þátt með því að biðja þau að hjálpa börnunum sínum að koma með endurnýtanlegan og óendurnýtanlega efnivið í leikskólann sem við svo gætum notað til að búa til Landvættina okkar. Gekk þetta vel og komu margir með eitthvað. Á skóladeginum vorum við með kynningu á grænfánaverkefninu okkar og hvað við erum að gera til að viðhalda fánanum.



Einnig notumst við við Karellen appið til að koma upplýsingum til foreldra um hvað við erum að gera í grænfánavinnu með börnunum.

Umhverfissáttmáli

Umhverfissáttmálinn var unninn á síðasta úttektartímabili. Við sáum ekki ástæðu til að breyta honum að sinni. Hann hefur verið kynntur börnum í starfi og er hann einnig sýnilegur á vegg skólans.

Umhverfissáttmáli Andabæjar

- ♣ Við berum virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi okkar
- ♣ Við leggjum okkur fram við að stuðla að sjálfbærni svo komandi kynslóðir hafi sömu tækifæri og við til að njóta náttúrunnar
- ♣ Við göngum vel um, bæði innandyra og utandyra, og hvetjum aðra til að gera slíkt hið sama
- ♣ Við gætum hófsemi í allri notkun og endurnýtum það sem fellur frá okkur eins og kostur er
- ♣ Við gætum að okkar heilsu, andlegri og líkamlegri



Sáttmálinn var unninn í samvinnu með börnum og umhverfisnefnd einnig voru unnar leiðir hvornig best væri að uppfylla þennan sáttmála.

Hvernig ætlum við að uppfylla þennan sáttmála?

- ♣ Við gætum þess að umgangast umhverfi okkar og náttúruna af virðingu og alúð
- ♣ Við nýtum nánasta umhverfi og efnivið náttúrunnar í námi, leik og starfi
- ♣ Við plöntum trjám og ræktum grænmeti og blóm þegar tækifæri gefst
- ♣ Við flokkum ólífrænt sorp eftir fremsta megni og sendum í endurvinnslu eða endurnýtum sjálf
- ♣ Við flokkum lífrænt sorp, komum því í moltugerð og nýtum svo á beðin okkar
- ♣ Til þrifa og þvotta eru valin efni og áhöld sem hafa sem minnst skaðleg áhrif á náttúruna
- ♣ Við förum sparlega með vatn og orku
- ♣ Við hvetjum starfsmenn og foreldra með börn sín til þess að ganga í leikskólann þegar veður leyfir
- ♣ Við hvetjum til þess að drepið sé á kyrrstæðum bílum til að minnka mengun
- ♣ Við kynnumst og tengjumst nærumhverfi okkar til dæmis með skipulögðum göngutúrum, heimsóknum og kynningum
- ♣ Við tölum saman um umhverfismál og náttúruna – allir hafa tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri
- ♣ Við vinnum markvisst að nokkrum meginverkefnum og stefnum og vinnum að því að tengja þau saman:



Fylgiskjöl

Ágúst 2019

Grænfána fundur

Fyrsti fundur eftir sumarfrí

Rætt um að starfsmenn þurfi að flokka betur rusl á kaffistofu og útskýrt verði betur hvaða úrgangur fer hvert. Þurfum að vera dugleg að minna hvort annað á að flokka rétt. *Saman getum við meira.* Kaupa stærri tunnu fyrir plast/pappír og kaffikorgur fer í grænu tunnuna undir vaskinum.

Í Andabæ hafa verið í boði plastskóhlífar fyrir foreldra svo ekki þurfi að fara úr skóm en í ljósi þarfrar plastumræðu verður hætt að nota þessar hlífar hér í Andabæ um leið og núverandi birgðir klárast. Við erum orðin ansi vön því að nota þennan útbúnað svo þetta er áskorun fyrir alla en mjög nauðsynleg áskorun og í takt við tímann.

Þurfum að setja fræðslu elstu barna í fastari skorður og nota oftár gátlistana frá landvernd því þeir eru svo góður umræðugrundvöllur.

Allir fundarmenn sammála um að vera enn meira vakandi í umhverfismálum og að gera góða hluti enn betri.

Einnig þurfum við að hugsa upp ný markmið fyrir næstu tvö ár og allar góðar hugmyndir vel þegnar.

Næsti fundur í byrjun október.

Fyrir hönd grænfánanefndar, Valdís Magnúsdóttir.

Grænfánafundur 8. Október 2019

Kl 14:10

Mættir: Valdís (grænfánastjóri og fyrir hönd Álfheima), Ásta (leikskólastjóri), Halldóra (fyrir hönd eldhús), Svanhvít (fyrir hönd foreldra), Helen (fyrir hönd Hulduheima), Hafdís (fyrir hönd Goðheima), (Áslaug fjarverandi vegna veikinda) Þetta er ný grænfánanefnd sem mun sitja næstu tvö árin

Valdís las upp síðustu fundargerð sem var síðan í ágúst.

Fulltrúi eldhúss vill fá meiri fræðslu í því hvað má fara í stóru grænu tunnuna og hvort það eigi að skola matarlát í tunnuna. Athugað verður hjá Sorpu og Borgarbyggð hvernig vinnureglur eru um förgun og koma því áleiðis til starfsmanna.

Setja þarf upp fundatíma fyrir veturinn svo þeir falli ekki niður.

Hugmyndir að næstu markmiðum:

- Minnka notkun pappírs hjá starfsfólki hætta að prenta út vinnuskýrslur og nota rafræna kerfið Vinnustund. Hætta að búa til kladda til innfærslu á börnum nota tölvukerfið Karellen. Einnig þeir pappírar sem foreldrar fá í aðlögun sé rafrænt og sé á heimasíðu skólans.
- Gróðursetning hjá elstu börnum: að elstu börnin setji niður sitt tré þegar þau hætta í leikskólanum. Og þannig verði til í framtíðinni fallegur lundur, Andabæjarlundur. Í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands fáum við aðgang að landsvæði.
- Hætta notkun skóhlífa í forstofu sem eru úr plasti. Klárum það sem til er síðan verður ekki keypt meira.
- Gúmmí hanskar latex hanskar??
- Auka fræðslu til foreldra um það sem leikskólinn er að gera í verkefninu. Með fréttapunktum og slíku.

Ekki var meira lagt fyrir fundinn. Góðar umræður mynduðust um moltu, flokkun, fræðslu fyrir börn og mikilvægi þess að fræða en ekki hræða ☺

Fundi slitið 14:50

Ástríður ritaði fundinn.



LANDVERND

Dagsetning: mars 2018 Pema/þemu: orka, úrgangur, áttahagar, lýðheilsa

Markmiðssetning

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Efni/áhöld	Tímarammi	Mat
1. Tengja grænánavefnið enn betur við leiðtogavefnið, þróa grænánaleiðtoga	a. að börnin fái það hlutverk að vera grænánaleiðtogi, fari út með matarafgangna í moltuna.	Börn á Goðheimum skiptast á að fara út með fötuna þar sem afgangur er safnað saman úr eldhúsi.	Fötur úr eldhúsi og moltutunnur úti í garði. Fræðsluefni hvað verður um matinn þegar hann er komin í moltuna.	Strax þar sem moltutunnur eru til staðar.	Staðan tekin reglulega af umhverfisnefnd og nemendum.
2. Setja upp gróðurkassa, auðvelda matjurtaræktun	a. börnin fá að setja niður fræ til ræktunar og einnig kartöflur og kál. Þau fái að njóta uppskeru.	Umhverfisnefnd og börn í Andabæ.	Smáir gróðurkassar þar til við fáum stærri.	Strax að nota litla trékassa og færa okkur síðan yfir í stærri þegar þeir koma. Vor 2019	Metið eftir hvert ár fyrir sig. Hvað tókst vel og hvað ætlum við að nota aftur.
3. Útbúa með börnunum okkar eigin fuglafóður	a. börnin fái tækifæri til að búa til fæðu fyrir fuglana og fylgjast með þeim. b. nota fræ og tólg.c.	Deildarstjórar og umhverfisnefnd.	Fræ, tólg	Haustin sé útbúið fuglafóður til að eiga yfir veturinn	Eftir hvert skipti
4. Festa í sessi ruslagöngutúra og bjóða samfélaginu með	a. dagur íslenskrar náttúru 16. sept. b. dagur umhverfis 25. apríl c. gönguferðir.	Börnin í Andabæ og starfsmenn. Farnir eru skipulagðir göngutúrar með Gbf. Hvanneyrardeild og einnig án þeirra.	Glaðir fætur og ílát til að safna rusli í☺	Um leið og færi gefst. Farið er í kringum dagana 16. sept og 25. apríl fer eftir því á hvaða dögum þeir lenda.	Reglulega til að fara ekki alltaf á sömu svæði.
5. Hvetja allt samfélagið á Hvanneyri til aukinnar lýðheilsu	a. hvetja til að kvarta ekki með kvartlausum október og mars. b. hvetja til að ganga í skólann og geyma bílinn.	Starfsfólk Andabæjar	Tölvupóstur og hvatningarorð á vegg. Vera sýnileg í gönguferðum.	Október og mars.	Staðan tekin í umhverfisnefnd.

Dæmi um vinnu með skólahóp þar sem gátlisti er lagður fyrir.

Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir **lýðheilsu** í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsgöðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

ATH! Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel símunum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5. Einnig má plasta listann og nota aftur og aftur.

Merkingar:

- Nemendur geta fundið svarið sjálfir
- Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni
- Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni

	Er boðið upp á hollan mat í leikskólanum?			
	Hversu oft í viku er boðið upp á grænmeti eða ávexti í leikskólanum?			<i>Allt dag</i>
	Eru hreyfistundir í leikskólanum?			
	Farið þið í hreyfistundir út fyrir leikskólalóðina?			<i>Mæltum gæta meira af því</i>
	Eruð þið örugg þegar þið hreyfið ykkur nálægt leikskólanum? (skólalóð, ferðalag í og úr skóla)			
	Er útivera á hverjum degi, sama hvernig veðrið er?			
	Átt þú vin á leikskólanum?			
	Getið þið sagt einhverjum fullorðnum frá því ef ykkur líður illa í leikskólanum?			
	Þvo sér allir um hendurnar eftir klósettferðir og fyrir og eftir máltíðir?			
	Fáið þið næga hvíld á leikskólanum?			<i>Við þurfum ekki að hvíla okkur</i>
	Er ykkur kennt hvernig við eigum að belta líkamanum rétt?			
	Berð þú virðingu fyrir líkamanum þínum og hugsu vel um hann?			
	Lærið þið slökun eða jóga í leikskólanum?			<i>Mætti vera oftar</i>

	Er ykkur kennt sjálfstæði og fáði þið að vera þið sjálf?			
	Vitið þið í hvaða símanúmer á að hringja ef það verður slys?			Hvert er númerið? <i>1-1-2</i>
	Lærið þið að hugsa vel um tennurnar ykkar?			
	Er mikilvægt að allir séu vinir og að ekki sé skilið útundan?			
	Passið þið upp á að leika saman og vera vinir?			

Dagsetning: *21. október 2019*

Hverjir gerðu rannsóknina?

Næstu markmið sem við viljum stefna að 2019-2020 :

- Minnka notkun pappírs hjá starfsfólki, hætta að prenta út vinnuskýrslur og nota rafræna kerfið Vinnustund. Hætta að búa til kladda til innfærslu á börnum nota tölvukerfið Karellen. Einnig þeir pappírar sem foreldrar fá í aðlögun séu rafrænir og sé á heimasíðu skólans.
- Gróðursetning hjá elstu börnum: Þau börn sem útskrifast frá Andabæ setji niður sitt tré þegar þau hætta í leikskólanum. Þannig verði til í framtíðinni fallegur lundur þar sem hvert barn skilur eftir sig tákni um veru sína í Andabæ.
- Hætta notkun skóhlífa í forstofu sem eru úr plasti. Klárum það sem til er síðan verður ekki keypt meira.
- Halda lengra með markmið síðan 2007-2009 þar sem hætt var að nota pappírs- og bleyjuburrkur. Hætta að nota handklæði í Andabæ og nota í stað einnota stykki. Foreldrar fengnir í samstarfs með að koma með gömul handklæði eða klúta og bíta niður í stykki sem við notum síðan til að þurrka hendurnar með.
- Tengja verkefni Leiðtoginn í mér og Grænfánaverkefnið enn betur saman og huga að valdeflingu barna í leikskólastarfinu þar sem þau geta haft enn meiri áhrif á umhverfismál innan skólans og nærumhverfis.